



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Líknarsjóðurinn Ljósberinn

– árlegir styrktartónleikar í Akureyrarkirkju 14. desember kl. 20:30

Þann 14. desember nk. verða árlegir Ljósberátónleikar í Akureyrarkirkju. Þetta er fjórða árið í röð sem þessir tónleikar eru haldnir.

Sérstakur gestur tónleikanna í ár er Egill Ólafsson söngvari en ásamt honum koma fram Björg Þórhallsdóttir sópran, Eyrún Unnarsdóttir mezzó-sópran, Óskar Pétursson tenór, Eldri barnakór og Stúlknakór Akureyrarkirkju, Elísabet Waage hörpuleikari ásamt strengjasveit norðlenskra tónlistarmanna undir stjórn Láru Sólvejar Jóhannsdóttur fjölmuleikara. Organistar og kórstjórar eru Eypór Ingi Jónsson, Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Hilmar Örn Agnarsson. Frumflutt verður sérstakt jólalag Ljósberans 2011, sem héðan í frá verður að árlegum viðburði og er fengur af því að fá ný íslensk lög í jólalagafloðruna. Höfundur jólalags Ljósberans í ár er norðlenski tón-

listarmaðurinn góðkenni Daníel Þórsteinsson. Allir sem að tónleikunum koma gefa vinnu sína og aðgangseyrir rennur óskiptur til sjóðsins. Umsjón með tónleikunum í ár, og frá upphafi, hefur Björg Þórhallsdóttir.

Líknarsjóðurinn Ljósberinn var stofnaður til minningar um sr. Þórhall Höskuldsson, fyrrverandi sóknarprest við kirkjuna, fyrir tilstuðlan fjölskyldu hans, en sr. Þórhalli var mjög umhugað um líknar- og velferðarmál. Markmið sjóðsins er að veita líknar- og viðlagaastöð til Akureyringa með sérstaka áherslu á aðstoð fyrir jóla. Prestar kirkjunnar sjá um að úthluta úr sjóðnum. Tónleikarnir ásamt fjáröflun og gjöfum tengdum þeim hafa verið kjölfestan í fjáröflun sjóðsins, ásamt gjöfum sem honum hafa borist og framlögum í ljósaltari (ljósbera) kirkjunnar.

Hægt er að gefa ábendingar eða



Björg Þórhallsdóttir sópran og umsjónarmaður Ljósberátónleikanna.

koma á framfæri umsóknum um framlög úr sjóðnum til presta Akureyrarkirkju og er farið með allar umsóknir og úthlutanir sem trúnaðarmál.



Egill Ólafsson verður sérstakur gestur Ljósberátónleikanna í ár.

Sjóðurinn er í vörslu Akureyrarkirkju og hægt er að leggja fjárframlög inn á reikning sjóðsins 0302-13-701414, kt. 410169-6149.

Aðventan í Akureyrarkirkju

Orðið „aðventa“ er komið úr latínu og þýðir „koma“. Á aðventunni búa kristnir menn sig undir komu Jesú Krists í heiminn.

Í gamla daga var aðventan hljóður tími íhugunar áður en gleði jólanna gekk í garð. Á aðventunni sparaði fólk við sig í mat. Margir neyttu ekki kjöts

enda er þessi tími einnig nefndur „jólafasta“.

Á síðustu áratugum hefur þetta heldur betur breyst. Aðventan er ekki lengur hljóður tími íhugunar heldur hávær annatími. Strax í byrjun nóvember fara veitingastaðir landsins að auglýsa aðventuhlaðborð með

hreint ótrúlegum kræsingum. Jólafasta er notuð til að kýla vambir.

Aðventan hefur einnig tekið miklum stakkaskiptum í kirkjum landsins. Dagskráin þar er mjög fjölbreytt og kirkjurnar eru vel sóttar aðventuna alla. Fólk kemur í kirkjurnar til að undirbúa sig andlega fyrir hina miklu hátíð og komast í snertingu við hinn sanna jólaanda.

Aðventuhátíð Akureyrarkirkju er fyrsta sunnudag í aðventu, 27. nóvember kl. 11:00. Þar kveikjum við á fyrsta kertinu í aðventukransinum og gefum tóninn fyrir vikurnar fram að jólum. Fimmtudaginn 1. desember kl. 15:00 verður aðventusamvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu og sunnudaginn 11. desember halda börnin sína aðventuhátíð með kórsöng og aðventusögum. Sama dag býður Kór Akureyrarkirkju til sinna árlegu Jólasöngva. Þeir verða bæði kl. 17:00 & 20:00 enda njóta söngvarnir mikilla vinsælda. Hjá mörgum eru þeir ómissandi þáttur í undirbúningi heilagra jóla.

Miðvikudagskvöldið 14. desember verða Ljósberátónleikar Akureyrarkirkju til styrktar Líknarsjóðnum Ljós-

beranum. Sjá nánar hér að ofan. Björg Þórhallsdóttir, söngkona, er frumkvöðull að tónleikunum og einn upphafsmanna líknarsjóðsins. Að venju ber hún hitann og þungann af tónleikunum en fær til sín góða gesti.

Fimmtudagskvöldið 22. desember kl. 20:30 verða síðan hinir árlegu tónleikar Kammerkórsins Hymnodiu og Kammerkórsins Ísoldar.

Bænaslökun og jóga

Bænaslökun og jóga hefur farið vel af stað í vetur, mætingin er jöfn og góð og andrúmsloftið enn betra.

Ulrika Seiler jógakennari leiðir okkur til fundar við líkama okkar og sál og samhliða fyrirbænum við altarið er samfélagið við Guð næsta áþreifanlegt, það er gott að koma í kirkjuna í hádeginu á þriðjudögum kl. 12:10 og á fimmtudögum kl. 20:00, samstarfið við Átak heilsurækt er dýr-mætt og er kirkjan þakklát fyrir öll þessi góðu tengsl sem miða að því að þjóna fólki og uppbyggja.

Hildur Eir



Akureyrarkirkja.

Mynd: Eypór Ingi Jónsson.



Kvenfélag Akureyrarkirkju:

Starfið í félaginu með svipuðu sniði

Starfsemi Kvenfélags Akureyrarkirkju verður með líku sniði og undan farin ár, sem felst meðal annars í því að liðsinna ýmsum mannúðar og menningarmálum í anda kirkjunnar og sjá um veitingar og þjónustu við ýmis tækifæri í þágu kirkjustarfsins.

Fastir fundir félagsins eru fjórir á ári, haustfundur sem var 13. október sl., jólafundur sem verður laugardaginn 26. nóvember kl. 18:00, febrúarfundur sem verður 9. febrúar kl. 19:30 og aðalfundur félagsins sem

verður 3. maí kl. 19:30. Á fundunum er reynt að hafa eitthvað efni til fróðleiks og skemmtunar.

Hinn árlegi fjáröflunardagur kvenfélagsins er haldinn í nóvember og var 20. nóvember sl. Þá var félagið með kaffisölu eftir messu og einnig voru seldir hinir vinsælu lukkupakkar og fallegu tækifæriskort félagsins.

Handavinnusamvera félagskvenna er annan mánudag í mánuði yfir vetrarmánuðina í Safnaðaheimilinu frá kl. 16:30 til 18:00.



Stór og kröftugur hópur sem kemur að söngleiknum.



Hluti af hópnunum í spunaefingum.

Jesus Christ Superstar

Það er gríðarlegt hugmyndaflæði og kraftur í Leikfélaginu Adrenalín í Akureyrarkirkju, samstarfið við grunnskóla bæjarins er ómetanlegt og hópurinn sem mætir vikulega í Rósenborg er stór og flottur samsettur af 60 unglingum úr öllum grunnskólum bæjarins.

Þórhildur Örvarsdóttir söngkona og Þóra Karítas Árnadóttir leikkona hafa tekið okkur með í ferðalag sem

enginn veit nákvæmlega hvernig endar en við vitum þó hvar það endar og það er í Samkomuhúsinu um miðjan mars, þar fer fæðingin fram á þessari kraftmiklu rokkóperu þar sem unglingarnir hæfileikaríku verða í forgrunni í öllum þáttum. Þau leika og syngja, sauma búninga, hanna leikmynd, ljós og förðun, markaðssetja og auglýsa, mikið óskaplega hlökkum við til.

Starfið í Akureyrarkirkju næstu vikurnar

Nóvember

Sunnudagurinn 27. nóvember, 1. sunnudagur í aðventu
Aðventubátíð í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 29. nóvember
Fermingarfræðsla kl. 15:30.
Hópur I, Brekkuskóli.

Desember

Fimmtudagurinn 1. desember
Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00.
Sunnudagurinn 4. desember, 2. sunnudagur í aðventu
Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Þriðjudagurinn 6. desember
Fermingarfræðsla kl. 15:30.
Hópur II, Lundarskóli.

Sunnudagurinn 11. desember, 3. sunnudagur í aðventu

Aðventubátíð barnanna í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Jólasöngvar Kórs Akureyrarkirkju kl. 17:00 og 20:00.

Þriðjudagurinn 13. desember
Fermingarfræðsla kl. 15:30.
Hópur III, Oddeyyrar- og Naustaskóli.

Miðvikudagurinn 14. desember
Styrktartónleikar Líknarsjóðsins Ljósberans í Akureyrarkirkju kl. 20:30.

Sunnudagurinn 18. desember, 4. sunnudagur í aðventu
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Aðfangadagur, 24. desember
Aftansöngur í Akureyrarkirkju kl. 18:00.
Miðnæturmessa í Akureyrarkirkju kl. 23:30.

Jóladagur, 25. desember
Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Annar í jólum, 26. desember
Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Jólatrésskemmtun í Safnaðarheimilinu að guðsþjónustu lokinni.

Hátíðarguðsþjónusta í Minjasafnskirkjunni kl. 17:00.

Gamlársdagur, 31. desember
Aftansöngur í Akureyrarkirkju kl. 18:00.

Janúar

Nýársdagur, 1. janúar 2012
Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 16:00.

Fastir liðir

Mánudagar:
Leikfélagið Adrenalín í Rósenborg kl. 14:30-16:00.

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagar:
Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Benaslökum og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12:10.

Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagar:
Foreldramorgunn kl. 9:30-11:30.

Kirkjukrakkarar í kapellu kl. 15:00-16:00.

TTT í kapellu kl. 17:00-18:00.

ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

12 spora starf í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

Fimmtudagar:
Kyrrðar- og fyrirbæstund kl. 12:00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Æfing yngri barnakórsins í kapellu kl. 15:00-16:00.

Æfing eldri barnakórsins í kapellu kl. 16:00-17:00.

Æfing Stúlknakórsins í Akureyrarkirkju kl. 16:00-17:00.

Benaslökum og jóga í Akureyrarkirkju kl. 20:00.